

Fundargerð.

Stjórnarfundur nr. 93.

Stjórnarfundur Norðurár bs., haldinn í Stekkjarvík 30. október 2019, kl 16:00. Á fundinum voru stjórnarmennirnir Magnús B. Jónsson, Einar E. Einarsson, Stefán Gísli Haraldsson og Snorri Finnlaugsson áheyrnarfulltrúi. Einnig sat fundinn Fannar Viggósson starfsmaður Norðurár bs.

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar.
2. Fjárhagsyfirlit og magn til urðunar.
 - a) Fjárhagsyfirlit.
 - b) Magn til urðunar.
 - c) Almennur rekstur.
3. Gassöfnun.
4. Starfsleyfisumsókn.
5. Erindi frá PCC á Bakka.
6. Bréf frá Sorpstöð Suðurlands.
7. Úttekt UST2. október.
 - a) Eftirlitsskýrsla UST.
 - b) Áætlun um úrbætur vegna athugasemda.
8. Skýrsla um framtíðarskipan úrgangsmála á Norðurlandi

1. Fundargerð síðasta fundar

Samþykkt formlega og athugasemdalaust fundargerð stjórnar nr. 92 frá 16. september 2019.

2. Fjárhagsyfirlit og magn til urðunar

a) Fjárhagsyfirlit

Magnús lagði fram yfirlit yfir stöðu rekstar og viðskiptamenn frá 1. janúar til 30. september 2019. Megin niðurstaða fyrstu 9 mánuði ársins er að reksturinn sé samkvæmt áætlun eða jafnvel örlítið betri en áætlað var sem orsakast fyrst og fremst af auknu magni til urðunar og góðu gengi við urðun.

b) Magn til urðunar

Lagðar voru fram tölur um urðað magn frá janúar til október. Í heildina vex magnið sem urðað hefur verið á tímabilinu um tæp fjögur þúsund tonn frá árinu 2018. Rúmlega

hellingur þeirrar aukningar er vegna nýrra aðila sem koma inn en hinn hellingurinn er vegna aukins magns af sorpi af sama upptökusvæði og var 2018.

Rætt um skráningu á uppruna sorpsins og skráningu þess í flokka við móttöku hjá Norðurá. Samþykkt að Magnús og Fannar hafi samband við stóru viðskiptaaðilana og skerpi á mikilvægi þess að hverjum farmi fylgi réttar upplýsingar um uppruna og flokkun þess sorps sem kemur til urðunar.

c) Almennt um rekstur

Fannar gerði grein fyrir daglegum rekstri sem í stuttu máli gengur vel og samkvæmt áætlun bæði hvað varðar mannskap og tækjabúnað.

3. Gassöfnun

Fyrir liggur minnisblað unnið af Eflu Verkfræðistofu, dagsett 22.10.2019. Þar er fjallað um brennslu á allt að 1.000 tonnum af dýrahæjum og áhættuvefjum með því að nýta til þess það metangas sem verður til í haugstæðinu og verið er að eyða með bruna í dag. Í minnisblaðinu er lagt mat á stofnkostnað og rekstur á slíkri stöð. Miðað við þær forsendur sem lagt er upp með verður kostnaður við slíkan rekstur um 32 kr á kg miðað við fulla nýtingu ofnsins. Þá er eftir að reikna inn byggingu til að geta geymt og tekið á móti hráefnunum.

Einnig liggur fyrir minnisblað, dagsett 22.10.2019, um að tengja og koma fyrir 100 kW brunavél og nýta þannig það gas sem verður til í haugnum til að framleiða rafmagn. Lagt er mat á hugsanlegan ávinning fyrir Norðurá.

Bæði minnisblöðin voru lögð fram til kynningar og verða þessar hugmyndir áfram til skoðunar hjá stjórn.

4. Starfsleyfisumsókn

Í vinnslu er umsókn um stækkun á starfsleyfinu. Samþykkt að sótt verði um að bæta við starfsleyfisumsóknina leyfi til að hafa brennsluofn sem gæti brennt allt að 2.000 tonn af dýrahæjum/áhættuvefjum. Verkfræðistofunni Eflu falið að vinna málið áfram.

Lagt fram til kynningar bréf, dagsett 18. október frá Blöndósbæ þar sem landeigendum Sölvabakka er heimilað að stækka á tvo vegu við þá lóð sem Norðurá bs. hefur til umráða í dag samkvæmt framlögðum afstöðuuppdráttum.

5. Erindi frá PCC á Bakka

Fyrir liggur bréf frá PCC á Bakka, dagsett 10. október þar sem óskað er eftir breytingu á flokkun þess úrgangs sem verið er að taka á móti frá þeim. Stjórn Norðurár bs samþykkir að 36,6% af þeim 1.579.366 kg sem bárust til urðunar og voru flokkuð sem ketilryk og kolasalli verði flokkuð sem viðarkurl og verði gjaldfærð á 4,50 kr/kg auk vsk. Gefinn verði út kreditreikningur fyrir þeim mismun sem af breytingunni leiði.

Samþykkt jafnframt að ekki verði beitt dráttarvöxtum á vanskilaskuld félagsins ef skuldin að breytingum frádregnum verði gerð upp fyrir 20. nóvember 2019.

Stjórn samþykkt jafnframt að viðarkurl yrði framvegis ekki viðurkennt sem slíkt við gjaldfærslu urðunargjalda nema það berist án þess að vera blandað aukaefnum.

6. Bréf frá Sorpstöð Suðurlands

Í bréfi frá Sorpstöð Suðurlands dagsett 10. október er óskað heimilda til að framlengja gildandi samning um eitt ár en ekki hefur borist frá þeim það magn sem heimilað var með samning á árinu sem er að líða.

Stjórn samþykkti að framlengja lokadagsetningu samningsins til 31. desember 2020 og að Sorpstöð Suðurlands hafi þar með heimild til að koma með 2.500 tonn til urðunar að meðtöldum þeim 529 tonnum sem þegar hafa borist af svæði Sorpstöðvar Suðurlands. Eftir standi því 1.971 tonna heimild frá dagsetningu erindisins.

Stjórn Norðurár bs samþykkti að öll ákvæði gildandi samnings önnur en dagsetning haldist, þar með talin ákvæði í viðauka um sorpflokka.

7. Úttekt UST 2. október

a) Eftirlitsskýrsla UST.

Lögð fram til kynningar eftirlitsskýrsla frá Umhverfisstofnun vegna heimsóknar 2. október. Í skýrslunni koma fram tvær athugasemdir sem óskað er eftir úrbótaáætlun um.

b) Áætlun um úrbætur vegna athugasemda.

Lögð fram drög að bréfi til Umhverfisstofnunnar um tímasetta úrbótaáætlun vegna þeirra tveggja athugasemda sem gerðar voru við úttekt 2. október. Formanni falið að senda bréfið.

8. Skýrsla um framtíðarskipan úrgangsmála á Norðurlandi

Lögð fram til kynningar skýrsla unnin af Verkfræðistofunni Eflu um framtíðarskipan úrgangsmála á Norðurlandi. Skýrslan er unnin að beiðni starfshóps um úrgangsmál á Norðurlandi.

Einar E. Einarsson, ritaði fundargerð.

Fundi slitið kl. 19:00

Magnús B. Jónsson

Einar E Einarsson

Stefán Gísli Haraldsson

Snorri Finnlaugsson

Fannar Viggósson